



Ársskýrsla Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ skólaárið 2016-2017



Starfstími skóla

Skóladagar nemenda voru 180. Skólasetning var 23. ágúst en fimm ára kjarnar hófu starfið viku fyrr. Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi var 20. – 24. febrúar og páskaleyfi var 10. til og með 17. apríl. Einnig féll kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga grunnkennara á skólaárinu, þ.e. 16. september, 24. október, 30. nóvember, 2. janúar og 26. maí. Skólaslit voru 8. júní.

Skipulagsdagar kennara fimm ára barna voru 16. september, 24. október, fram til kl. 13.00 þann 2. janúar og 26. maí. Skipulagsdagar voru þeir sömu og í öðrum skólum í Garðabæ en engir skertir kennsludagar eru í Barnaskólanum.

Skóladagurinn og skipulagið

Dagskipulag 5 ára

7.45-8.45	Morgunmatur, róleg stund
8.45-9.00	Morgunsöngur
9.00-10.00	Hópatími, lestur og stærðfræði, ávextir & valfundur
10.00-11.00	Val úti og inni
11.00-12.00	Hópatími
12.00-12.45	Hádegismatur og næðisstund
12.45-13.15	Blöndun
13.15-14.15	Hópatími
14.15-14.30	Samvera á plássi
14.30-15.00	Nónhressing
15.00-17.00	Val, ávextir, samvera





Dagskipulag 6-9 ára

8.00-8.45	Morgunmatur, róleg stund
8.45-9.00	Morgunsöngur
9.00-10.00	Hópatími 1, lestur og stærðfræði, ávextir & valfundur
10.00-11.00	Val úti og inni
11.00-12.00	Hópatími 2
12.00-12.45	Hádegismatur og næðislestur
12.45-13.45	Hópatími 3
13.45-14.15	Blöndun

Skólastarf í vetur hófst kl. 8:45 og lauk kennslu kl. 14:15. Þá tók við síðdegisstarf fyrir þau börn sem það kusu. Skólinn var opnaður kl. 7:45 alla morgna. Börnum stóð til boða að fá morgunverð í skólanum frá því að skólinn opnaði. Fimm ára börn eru leikskólabörn en skóladagurinn þeirra byggir þó á sama grunni og hjá eldri börnunum. Leikskólastarf hélt áfram eftir að hefðbundnu skólastarfi lauk kl. 14:15 og lauk kl. 17.

Nemendur

Skólaárið 2016-2017 voru 112 börn skráð í nám við Barnaskólann á vormánuðum. Í hverjum árgangi eru tveir kjarnar og er raðað í þá eftir kyni, í vetur voru því 10 kjarnar í skólanum. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kjarnana, fjölda barna á hverjum kjarna og nöfn þeirra sem fóru með ábyrgð á kjarnanum, héldu utan um daglegt starf kjarnans sem og að sinna foreldrasamstarfi.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda drengja, stúlkna og kjarnastarfsfólk

Aldur	♀	♂	Alls	Kjarnakennarar
5 ára	9	11	20	Sigurbjörg Vilmundardóttir Heiða Viðarsdóttir
6 ára	9	16	25	Sigurlaug Jóhanna Stefánsdóttir Lovísa Lind Sigurjónsdóttir
7 ára	11	13	24	Eva Lind Ingadóttir Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir
8 ára	13	8	21	Hildur Björk Guðmundsdóttir Rakel Lúðvíksdóttir
9 ára	12	10	22	Sigríður Ósk Reynaldsdóttir Ása Jónsdóttir
samtals	54	58	112	

Fjöldatölur miðað við búsetu

Eins og fram kemur hér að ofan voru á vordögum skráð 112 börn í nám við skólann. Þar af voru sex börn með lögheimili í öðrum sveitarfélögum en Garðabæ.

Starfsfólk

Í hópi kjarnakennara voru tíu grunnskólakennarar og einn leikskólakennari. Þeir stýrðu kennslu í fimm árgöngum en auk þeirra sinntu kennslu sérkennari, íþróttakennari, myndlistarkennari og þroskajálfi. Tólmundastarf í *Frístund* var á ábyrgð skólans en þar störfuðu sjö starfsmenn til viðbótar við þá kennara sem fylgdu börnum fram í daginn eftir að skóladegi lauk. Sálfræðingur sinnti sálfræðipjónustu. Starfsmenn í stoðþjónustu skólans voru fimm og sáum um eldhúsið og annað sem til féll. Hér fyrir neðan má sjá nöfn og starfsvið starfsfólks skólans vorið 2017.

Ása Jónsdóttir
Kjarnastarf

Bettý Gunnarsdóttir
Þroskajálfi

Birute Skibickiene
Stoðþjónusta

Bryndís Hrönn Gunnarsdóttir
Kjarnastarf

Davíð Gunnarsson
Frístund

Edda Rósa Gunnarsdóttir
Frístund

Eva Lind Ingadóttir
Kjarnastarf

Katrín Helgadóttir
Frístund

Heiða Helena Viðarsdóttir
Kjarnastarf

Hildur Björk Guðmundsdóttir
Kjarnastarf

Jóna Magnúsdóttir
Skólafreyja

Júlía Svavarsdóttir
Skólafreyja

Kristín Rúnarsdóttir
Kjarnastarf

Kristín Jónsdóttir
Skólastýra

Lovísa Lind Sigurjónsdóttir
Aðstoðarskólast. & kjarnastarf

Margrét Lilja Guðmundsdóttir
Stuðningur

Matthías Matthíasson
Sálfræðingur

Rakel Lúðvíksdóttir
Kjarnastarf

Sif B. Gunnsteinsdóttir
Smiðjur og Frístund

Sigríður Elfa Sigurðardóttir
Smiðjur og Frístund

Sigríður Ósk Reynaldsdóttir
Kjarnastarf

Sigrún Lilja Færseth
Þjálfun og stuðningur

Sigurbjörg Vilmundardóttir
Kjarnastarf

Sigurjón Ívarsson
Matráður

Sigurlaug J. Stefánsdóttir
Kjarnastarf

Þórður Guðsteinn Pétursson
Íþróttakennari

Almennt

Starfstími nemenda í grunnskólanum skólaárið 2016-17 var frá 22. ágúst 2016 til og með 8. júní 2017 að höfðu samráði við skólaráð Barnaskóla Hjallastefnunnar sem og skólanefnd Garðabæjar. Kennsludagar voru 180 skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskólanum er að lágmarki 1200 mínútur á viku eða um 270 mínútur á dag sbr. kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 34 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla 2008. Vikulegur kennslutími 6 til 9 ára barna voru 1350 stundir.

Starfsemi grunnskólans; þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla fylgir að öllu leyti aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt var starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan var lögð á samvinnu við heimilin, þar sem starfshættir mótuðust af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi.

Námshópar báru heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar voru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki voru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem markvisst er unnið að jákvæðum samskiptum og virðingu kynjanna í garð hvors annars.

Börnum var boðið upp á málsverði á skólatíma, auk hádegisverðar var framreidd morgunhressing í svokallaðri ávaxtastund um miðjan morgun. Öllum börnum stóð til boða að fá morgunverð og í Frístund var ávallt boðið upp nónhressingu. Í skólanum er fullbúið mötuneytiseldhús og er því stýrt af matreiðslumeistara. Eldhúsið hefur öll starfsleyfi tilskilinna aðila.

Skólaheilsugæsla var fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Skólahjúkrunarfræðingar sinntu forvarnarvinnu með nemendum og kom reglulega í hús. Góð samvinna var við Heilsugæsluna og skólahjúkrunarfræðing.

Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga var með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum leik- og barnaskólum Hjallastefnunnar og fjallað er um í námskrá skólans. Þar er metið með kerfisbundnum hætti bæði árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Að auki sinnir Garðabær eftirliti með skólastarfi, sbr. 5. og 6. gr. sömu laga. Ýmsar skimanir voru lagðar fyrir sbr. Hljóm hjá 5 ára kjörnum, læsis- og lesfimipróf á vegum Menntamálastofnunar voru lagðar reglulega fyrir grunnskólabörnin og loks má nefna foreldra- og starfsmannakannanir. Þetta skólaár þreyttu nemendur á 9 ára kjörnum samræmd próf að hausti 2016.

Stjórn skólans

Skólastýra var Kristín Jónsdóttir og Lovísa Lind Sigurjónsdóttir var aðstoðarskólastýra en báðar sinntu einnig nokkurri kennslu. Skólanefnd Barnaskóla Hjallastefnunnar fer með æðsta vald í málefnum skólans samkvæmt Skipulagsskrá. Skólastjóri bar ábyrgð á daglegum rekstri skólans skv. lögum um grunnskóla og ákvæðum aðalnámskrár um markmið námsins, kennsluhætti og starfshætti grunnskóla. Hann var einnig fulltrúi skólans í öllum málum er vörðuðu venjulegan rekstur og fulltrúi rekstraraðila gagnvart öðrum starfsmönnum. Barnaskólinn uppfyllti kröfur 8. 9. og 10. gr. grunnskólalaga um foreldrafélag og Skólaráð og er góð samvinna á milli skólasamfélagsins og foreldrafélagsins.

Skólahúsnaði

Barnaskólinn var staðsettur í tveimur byggingum, vestur- og suðurhúsi. Í vesturhúsi voru 5 og 6 ára börn fram að áramótum en þá fluttu 6 ára börnin yfir í suðurhúsið til 7, 8 og 9 ára barna. Sundkennsla fór fram í íþróttahúsinu Mýrinni og í Álftaness sundlaug, íþróttakennsla innanhúss fór fram í sal í Ásgarði.

Kennsluhættir og starfið

Þróun kennsluhátta hélt áfram og héldu kennarar áfram að þróa kennsluaðferðir sínar. Börnin unnu verkefni oftast á óhefðbundinn hátt í gegnum leik, sem og í bækur sem þau bjuggu til sjálf. Jafnrik áhersla var lögð á Kynjanámsskrá Hjallastefnunnar sem og Aðalnámsskrár þætti grunnskóla. Kynjanámsskrár vinnan hefur verið unnin samkvæmt lotunum okkar sex – sem snúa að því að þjálfar börn í einstaklings- og félagslegum þáttum. Ýmis



verkefni hafa verið lögð til grundvallar og unnin í samræmi við þær lotur sem á við hverju sinni. Lýðræðislegar umræður skipuðu veglegan sess í vetur.

Áhersla var á útiveru, útikennslu sem og sögu nærsamfélagsins. Vífilsstaðir búa yfir mikilli náttúrufegurð og sögu sem hægt er að flétta inn í skólastarfið á mjög fjölbreyttan máta. Í vetur var unnið enn frekar að þróun kennsluhátta í íslensku og lestrarkennslu, beittum hljóðaaðferðinni og lögðum ríka áherslu á undirstöðuþætti í lestrarnámi barna. Nemendur unnu ýmist einir eða í litlum hópum.

Kennarar útbúa náms- og kennsluefni, margvíslegan hlutbundinn efnivið þar sem stuðst er við ýmsar kennslubækur og kennsluleiðbeiningar. Stöðvavinna er stór hluti af kennsluaðferðum Barnaskólans. Reynt er að fylgja eftir hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur í námsferli sínu og styðja við þróun þess.

Í opnum vikum er uppbrot á skólastarfinu hjá okkur þar sem boðið var upp á smiðjur. Í smiðjum er hópaskipan oft breytt, stúlkur og drengir saman í hópum eða smærri hópar vinna saman. Hver smiðja er löguð að aldri og þroska nemenda sem og samsetningu nemendahópsins hverju sinni. Í smiðjum er hópaskipan oft breytt, stúlkur og drengir saman í hópum eða smærri hópar vinna saman. Hver smiðja er löguð að aldri og þroska nemenda sem og samsetningu nemendahópsins hverju sinni.

Smiðjurnar haustið 2016 voru þrjár. Hjá 7-9 ára börnum voru það Felling grímuna, Heilbrigð sál í hraustum líkama og Leitinn að týnda ljóðinu. Hjá 5 og 6 ára börnum voru það Ólympíuleikar og Formgleði og sköpun. Vorsmiðjur 2017 nefndust Forn-Egyptar, Gamalt fær nýtt líf, og Brúðugerð og leikritasmíð.

Ný námsgrein var í þróun hjá okkur og nefndum við hana Snillingafimi. Börn á 6 og 9 ára kjörnum voru í Snillingafimi haustið 2016 en 7 og 8 ára á vorönn 2017. 5 ára snillingar kynntust Snillingafimi í opinni viku. Um smiðjur og snillingafimi má lesa á heimasíðu skólans.

Öll börn fengu kennslu í spjaldtölvunotkun. Spjaldtölvur voru afar góð viðbót inn í skólastarfið. Hjallastefnunnar og styður við þá stefnu að vera án bókamiðunar og stýringar. Þessi verkefni munu halda áfram að vaxa innan skólans á næstu misserum.

Heimanám fólst í daglegum heimalestri og að auki fóru verkefni heim til að tengja heimilið við það sem skólinn var að fást við hverju sinni. Á yngstu kjörnunum var lítið sem ekkert heimanám annað en lestrarþjálfun enda er hún mikið samvinnuverkefni heimilis og skóla.



Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 40. gr. laga um grunnskóla var fyrir hendi fyrir börn sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um málefni fatlaðra.

Við skólann vann sérfræðiteymi skipað skólastjóra, sérkennara og þroskaþjálfar og sálfræðingi. Sérkennslurými er í skólanum fyrir einstaka nemendur vegna stuðnings við þá. Í vetur fengu mörg börn einhvers konar stuðning, annars vegar inni á kjarna og hins vegar í einstaklingsaðstæðum.

Matthías Matthíasson annaðist greiningar vegna námsörðugleika og leiðbeindi um kennslu og nám einstakra barna sem og námshópa. Sturla Þorsteinsson sá um sérkennslu í námsveri 6 til 9 ára barna varðandi lestur, stærðfræði og ritun. Sigrún Lilja Færseth sinnti stuðningi og þjálfun barna á fimm ára kjarna. Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur lagði fyrir málþroskapróf og leiðbeindi bæði foreldrum og kennurum með úrræði. Sigríður Jóna Gunnarsdóttir annaðist Logos-skimun.

Gestakennarar komu að skólastarfinu þetta skólaárið eins og áður. Tveir tónmenntakennarar, þær Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, tóku tónlistarlotur með öllum kjörnum þar sem farið var í takt og kennt á hin ýmsu hljóðfæri og lauk þessum lotum með tónleikum fyrir foreldra sem fóru fram í sal skólans.

Vettvangsferðir voru stór þáttur í kennslustarfinu og var farið í ýmsar bæjarferðir til nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar. Bókasafn Garðabæjar var mikið heimsótt og var viðmót starfsfólksins einstaklega notalegt enda börnin dugleg að sækja safnið utan skólatíma.

Aðaleinkenni skólans, kynjauppeldið var í hávegum haft og blandað saman við aðra kennslu. Æfingar í aga, sjálfstæði og samskiptum voru viðfangsefni kynjanámskrár á haustönn og unnu börn ýmis verkefni tengd þessum þáttum. Jákvæðni, vinátta og áræðni voru meginstef vorannar og æfð með fjölbreytilegum hætti.

Leiðsagnarmat þróast hægt og bitandi. Fengu nemendur vitnisburð í samræmi við það að vori þar sem grunnþættir Aðalnámskrár og Kynjanámskrá Hjallastefnunnar voru samtvinnuð. Einnig voru fest í sessi markmið er varða lykilhæfni í íslensku og stærðfræði og unnið með námsmatskvarða með hliðsjón af áherslum í Aðalnámskrá.



Sameiginlegur morgunsöngur var í hvoru húsi fyrir sig framan af skólaárinu. Allir koma saman og syngja í upphafi skóladags og skiptast kjarnar á að velja lög til að syngja saman. Á föstudögum er frjálstara skólastarf hér hjá okkur í Barnaskólanum og eru söngfundir haldnir þá. Þar koma saman árgangar, stúlkur og drengir á sama aldri, og njóta samvista undir styrkri stjórn kennara. Föstudagsstundin okkar snýst fyrst og fremst um að eiga notalega og gleðilega stund saman í lok hverrar viku – sannkallað föstudagsfjör. Hver kjarni sér um að skipuleggja söngfundi og stýra þeim með aðstoð kjarnakennara síns. Börnin koma fram með skemmtiatriði, leiki, þrautir og söng.

Foreldrasamstarf

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ er öflugt foreldrasamstarf og foreldrafélagið fer fyrir ýmsum verkefnum í skólanum og býður börnunum upp á skemmtilegar uppákomur og upplifanir.

Í desember var notaleg jólastund að morgni dags. Þá bauð foreldrafélagið börnum og fullorðnum upp á kakó og svo var farið út í skóg með fuglamat og kerti. Börnin seldu jólakort eftir öll börnin í skólanum. Allur ágóði rann í sameiginlegan vorferðasjóð barnanna. Jólaleiksýning í boði foreldrafélagsins var *Leikrit í tösku* með Þórdísi Arnljótsdóttur þar sem

hún túlkar íslensku jólasveinana á kostulegan hátt. Hefð hefur skapast fyrir því að börnin okkar fara í menningarferð fyrir jólin og býður foreldrafélagið upp á rútufurð og hádegisverð í þessum ferðum. Á jólasöngfundinum er tónlist í hávegum höfð og var hún bæði í boði foreldrafélagsins og skólans. Salurinn okkar var skreyttur og gerður að ævintýraheimi með gítarspili og fögrum söng.

Foreldrafélagið fer einnig fyrir árlegum vorferðum barnanna. Í ár fóru kennarar með 7, 8 og 9 ára börnum í tveggja náttu ferð í Vatnaskóg 22. - 24. maí 2017. Fimm og sex ára börn fóru í dagsferð um Reykjanesið. Þessar ferðir voru í framhaldi af áræðnilotu og tókust ljómandi vel. Vorhátíð foreldrafélagsins var svo haldin eftir skólaslit föstudaginn 8. júní. Hér var hoppukastali, teymt var undir börnum og allir fengu pylsur og drykki. Vorhátíðin var fjörug og skemmtileg og veðrið ágætt.



Frístund

Starf frístundar fór fram á bókalofti, listalofti, á sumum kjörnum og mikið útivið. Skilin á milli skóla og frístundar fóru fram með valfundi þar sem börn völdu sér leiksvæði fram að nónhressingu. Eftir nónhressingu var skipt upp á leiksvæðum að nýju. Í Frístund komum við til móts við foreldra eins og unnt er og sá skólinn um að skólabíll flutti börnin í íþróttir, tónlistarskóla og aðrar tómstundir innan Garðabæjar og með þessum akstri varð ákveðin samfella í skólastarfi og frístundum barna.

Að leiðarlokum

Skólaárið leið hratt við nám og leik. Námsárangur elstu barnanna á samræmdum prófum vakti athygli, ný þróunarverkefni litu dagsins ljós og friður og gleði var yfir skólastarfinu. Gott samstarf var við skólaskrifstofu Garðabæjar sem og aðrar stofnanir bæjarins. Forráðamenn barnanna áttu drjúgan þátt í að móta hið góða starf sem fram fór við skólann. Þökk sé öllum sem lögðu hönd á plóg - en mestar þakkir eiga börnin sjálf sem skólastarfið hverfist um.

Garðabæ, 5. september 2017

Kristín Jónsdóttir, skólastýra